

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
25.11.21	17:00	Lögberg 101	6
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Isabel Alejandra Diaz	Vaka Lind Birkisdóttir & Jessý Jónsdóttir		25.11.21
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Rebekka Karlsdóttir (Röskva)			
Erna Lea Bergsteinsdóttir (Röskva)			
Stefán Kári Ottósson (Röskva)			
Ellen Geirsdóttir Haakansson (Vaka)			
Kjartan Ragnarsson (Röskva)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Ingunn Rós Kristjánsdóttir (Röskva) <i>Teams</i>			
Rannveig Erlendsdóttir fyrir Margrét Jóhannesdóttir (Röskva)			
Kristján Guðmundsson (Röskva)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Draumey Ósk fyrir Jóna Gréta Hilmarsdóttir (Röskva)			
Anna María Björnsdóttir (Röskva)			
Brynjólfur Skúlason (Röskva)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Rósa Halldórsdóttir (Röskva) <i>Teams</i>			
Rannveig Klara Guðmundsdóttir (Röskva)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Ingvar Þóroddsson (Röskva)			
Inga Huld Ármann (Röskva)			
Helena Gylfadóttir (Röskva) <i>Teams</i>			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			
Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ			
Vaka Lind Birkisdóttir, framkvæmdastýra SHÍ			
Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti SHÍ			
Jessý Jónsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ			
Sindri Freyr Ásgeirsson			
Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir			
Gréta Dögg Þórisdóttir			
Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:			

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Erlingur Sigvaldason (Röskva)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 25. nóvember 2021 í Lögberg 101 kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on November 25th 2021 in Lögberg-101 at 17:00

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:05-17:25

Announcements and issues ahead

4. Viðhorf stúdenta til breytinga á námi og kennslu í HÍ vegna COVID-19 á vormisseri 2021 (Kynning og umræður) 17:20-18:00

Presentation of a questionnaire: Students' attitudes towards changes in their studies and teaching at the University of Iceland due to the COVID-19 epidemic in the spring semester of 2021.

5. Tilnefningar í kjörstjórn (atkvæðagreiðsla) 18:00-18:15

Nominations to the electoral board

6. Tillaga vegna starfsleyfis nýútskrifaðra sálfræðinga (atkvæðagreiðsla) 18:15-18:30

Proposal regarding work permits for newly graduated psychologists

7. Hlé 18:30-18:40

Intermission

8. Skýrsla starfshóps Stúdentaráðs vegna alþingiskosninga 2021 (Kynning og umræður) 19:00-19:15

Report of the Student Council's workgroup in regards to the parliamentary elections 2021

9. Sjúkra- og endurtökupróf við Háskóla Íslands (Kynning og umræður) 18:30-18:45

Re-examinations at the University of Iceland

10. Ókyngreind klósett (Kynning og atkvæðagreiðsla) 18:45-19:00

Gender neutral bathrooms

11. Önnur mál 19:15-19:25

Other issues

12. Fundi slitið 19:25

Meeting ends

13. Bókfærð mál

Recorded issues

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:10

Vote/approval on minutes from last meeting

a. Fundargerð frá síðasta fundi er borin upp til samþykktar. Séu Stúdentaráðsliðar með athugasemdir skal senda á shi@hi.is fyrir fund svo framkvæmdastýra geti tekið það til greina. Einnig má koma með athugasemdir á fundinum.

b. Fundargerð er einróma samþykkt (3 á Teams)

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:10-17:23

Announcements and issues ahead

a. **Aurora Biannual:** Fór fram dagana 15. - 17. nóvember í Tarragona, hýst af samstarfsskólanum Universitat Rovira i Virgili. Alma forseti stúdentaráðs Aurora ávarpaði fundinn ásamt Jón Atla rektor, forseta Aurora, í upphafi ráðstefnunnar. Aðkoma stúdenta var mjög mikil en helgina 12. - 14. nóvember fór fram Design Thinking Jam í Catalunya Campus, þar sem ýmis hagsmunamál stúdenta voru rædd, tækluð og lausnir fundnar á með því að gera svokölluð prototypes. Niðurstöðurnar voru síðan kynntar fyrir fundargestum á þriðjudeginum og voru helstu hagsmunamálin foreldrar í námi, fordómar innan menntakerfisins, sýnileiki Aurora út á við og gagnvart stúdentum. Þá voru fulltrúar stúdenta með sérstakan dagskrárlið á fimmtudeginum til að ræða m.a. námstækifæri stúdenta þvert á háskóla með t.d. tilliti til Brexit, Covid og framboð náms og sýnileika háskólanna. Alma flutti þar einstaka ræðu um raunverulega aðkomu stúdenta að ákvarðatökunum og uppbyggingu samstarfsnetsins.

Jessý mætir á fund 17:12

- b. Háskólaþing:** Fór fram 11. nóvember sl. þar sem ný heildarsýn fyrir háskólasvæðið var rætt. Á fundinn komu Hrund Ólöf Andradóttir formaður skipulagsnefndar háskólaráðs, Orri Steinarsson arkitekt sem hefur unnið með nefndinni, Kristinn Jóhannesson sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs og Pétur H. Ármannsson sviðsstjóri hjá Minjastofnun. Rætt var sérstaklega um vinnu skipulagsnefndarinnar, undirbúning að nýrri rammaáætlun, borgarlínuna og háskólasvæðið, og samgöngu- og bílastæðamál.
- c. Skólahald út misserið:** Skrifstofan sendi frá sér tilkynningu vegna samfélagsaðstæðna í ljósi fjölgun kórónuveirusmita þann 12. nóvember, sama dag og aðgerðir voru kynntar af heilbrigðisráðherra. Skrifstofan hafði áður fundað með kennslusviði á miðvikudeginum 9. nóvember þar sem hagsmunafulltrúi óskaði sérstaklega eftir yfirliti yfir ráðstöfunum sviðsins ef allt færi á versta veg. Þá hafði forseti samband við rektor á fimmtudeginum 10. nóvember og óskaði eftir því að neyðarstjórn kæmi saman. Forseti og hagsmunafulltrúi funduðu síðan með rektor og forsetum fræðasviðana mánudaginn 15. nóvember og er hagsmunafulltrúi að fylgja málinu eftir. Frá frekari vendingum verður sagt af á fundinum sjálfum.
- d. Opnunartímar skrifstofu:** Skrifstofan hefur lokað tímabundið fyrir heimsóknir. Var það rætt á skrifstofufundi og láti stjórn vita til vonar og vara. Áfram er tekið við málum, svarað í símann sem og tölvupóstum. Um leið og samfélagsástandið hefur batnað mun skrifstofan opna aftur fyrir heimsóknir.
- e. Hótel Saga:** “Ongoing” opið mál, erum alltaf á tánum með það en það er ekkert til að segja frá akkurat núna. Segja má að lágvöruverðsverslunin sé háð því sem gerist með HS.
- f. Verkefnastjóri SHÍ:** Skrifstofan er að vega og meta hvernig skuli leggja fram skýrsluna, það er eflaust ekki hentugt að setja hana út núna. Það er spurning hvort það henti betur í byrjun næsta árs. Við viljum skipuleggja það vel hvenær þetta er birt til að ná sem mestri umfjöllun í kringum skýrsluna.
- g. Stjórn Stúdentaráðs:** Hittist 17. nóvember og ræddi málefni stúdenta með annað mál en íslensku, sjúkra- og endurtökupróf, ókyngreind salerni, skólahald út haustmisserið og önnur tilfallandi mál innan fræðasviðana.
- i. Jessý hagsmunafulltrúi segir frá prófum á ensku. Þessi mál er í farvegi og verið að skoða hvar þetta fellur inn í stjórnsýslu skólans. Það er ekkert úrræði fyrir kennara til að þýða próf, það vantar fjármagn og tíma. Við erum að skoða hvernig er best að tækla þetta. Það eru sumir kennarar sem þýða en

aðrir sem gera það ekki. Þetta er jafnréttismál og því er mikilvægt að halda utan um það.

4. Viðhorf stúdenta til breytinga á námi og kennslu í HÍ vegna COVID-19 á vormisseri 2021 (Kynning og umræður) 17:23-18:00

Presentation of a questionnaire: *Students' attitudes towards changes in their studies and teaching at the University of Iceland due to the COVID-19 epidemic in the spring semester of 2021.*

- a. Amalía Björnsdóttir prófessor í aðferðafræði og Þuríður Jóhannsdóttir prófessor í menntunarfræði kynna spurningakönnun meðal stúdenta frá vorinu 2021 vegna COVID og [skýrslu ramnsóknarhópsins](#).
- b. Amalía byrjar að kynna: Könnun um COVID. Það er munur á milli sviða, talsvert eldra fólk á menntavísindasviði. Vorið 2020 var lögð fram könnun fyrir menntavísindasvið en það var svo gert fyrir öll svið í skólanum. En það gekk mjög vel illa að fá svörun frá nemendum. Könnunin var lögð aftur fram í 2021 um vorið. Talar um að það eru mjög ólíkir hópar innan sviða og að stúdentaráð ætti að hafa það í huga.
- c. Könnunin skoðar hópa eftir aaldri, einhleypra namenda, nemendur í sambandi, nemendur með börn, nemendur sem vinna með námi og fleiri þætti eins og fjárhag og andlegri líðan - sem er allt borið saman á milli sviða. Upptökur á kennslu í rauntíma og fyrirfram upptökur:
 - i. Talar um galla og kosti í upptökum í rauntíma
 - ii. Talar um að það séu fleiri kostir af því að taka upp fyrirfram og hafa hópavinnu í Teams eða annað sem höfðar til námsins sem getur nýst frekar.
 - iii. Nemendur eru mjög hrifnir af upptökum, geta spilað tímana hraðar
 - iv. Fjarfundir á netinu, mest notað á menntavísindasviði, nemendur mjög ánægðir með það.
 - v. Margir nemendur upplifðu minni pressu og minni kvíða við að vera í námi heima heldur en á staðnum. Meiri tímasparnaður, sérstaklega fyrir nemendur sem bjuggu langt í burtu
 - vi. Ókostir af upptökum eru meira álag og tæknivandræði, sérstaklega mælt á VoN og HVS þar sem eru langir fyrirlestrar. Einmannaleiki, minnst á MVS - vegna barna þeirra eða því það er mikið um fjarnám á þessu sviði. En mældist meira á öðrum sviðum.
- d. Þuríður tekur við af Amalíu: Talar um eigindlega hlutan af könnuninni. Fer yfir svör namenda um námsefnið og kennara í COVID. Sveigjanleiki og skipulag var mjög mikilvægt hjá nemendum. Neikvætt: kvartað yfir löngum fyrirlestrum, hlustuðu ekki

á nemendur. Slæmt skipulag, illa útfærð kennsluáætlun. Fjarkennslan var miklu betri á félagsvísindasviði heldur en í rauntíma. Talar um hvað kennarar eru undir miklu álagi að sjá um fjar- og staðkennslu. Niðurstöðurnar fara eftir því hversu vel kennarar tóku vel í breytingar vegna COVID.

- e. Umræður skapast milli stúdentaráðsliða, hvað hægt sé að gera til að koma meira til móts við nemendur og kennara. Rætt um fjarnám og fjarkennslu og rafræna kennsluhætti og muninn á slíku. Stúdentar kallar eftir sveiganleika. Umræðan snerist að tæknimálum og hvort skólinn gæti gert betur í þeim efnum.
- f. **Sjá upptöku fyrir alla kynninguna um niðurstöður könnuninnar**

Helena Gylfadóttir vikur af fundi kl. ~17:50

Vaka Lind vikur af fundi kl. 17:55 og Jessý tekur við sem ritari

5. Tilnefningar í kjörstjórn (atkvæðagreiðsla) 18:12-18:20

Nominations to the electoral board

- a. Fylkingarnar bjóða fram tvo fulltrúa hvor í kjörstjórn og tilnefna forseta kjörstjórnar. Tilnefningar berast eigi síðar en sólarhring fyrir fund.
 - i. Tilnefningar Röskvu:
 - 1. Ari Guðni Hauksson (forsæti)
 - 2. Ragna Sigurðardóttir
 - ii. Tilnefningar Vöku:
 - 1. Björgvin Viktor Færseth (forsæti)
 - 2. Guðbjörg Lára Másdóttir
- b. **Atkvæðagreiðsla: 15 kjósa með þessum tilnefningum. Næst er kosið í forsæti. Ari Guðni er kosinn forseti kjörstjórnar með 14 atkvæðum, einn kaus tilnefningu Vöku.**

6. Tillaga vegna starfsleyfis nýútskrifaðra sálfræðinga (atkvæðagreiðsla) 18:20-18:30

Proposal regarding work permits for newly graduated psychologists

- a. Ingunn, stúdentaráðsliði fylgir tillögunni úr hlaði og setur málið í samhengi. Tillagan felur skrifstofu SHÍ í samráði við HVS sviðsráð að kanna stöðuna á málinu með hagsmuni stúdenta að leiðarljósi - þ.e. að undanþágan verði veitt í ár fyrir starfsleyfi og svo að skilyrðin um að kröfur fyrir starfsleyfum sálfræðinga verði uppfyllt. Starfsþjálfun vantar. Stúdentar frá HÍ geta ekki endilega fengið starf á Norðurlöndum, sem sálfræðingar, þar sem þetta ákvæði er ekki uppfyllt. Þetta þarf að laga. Sjá tillögu

í heild sinni. Rætt var um að kanna stöðu mála í HR þar sem þetta varðar stúdenta í sálfræði þar líka.

b. Tillagan er einróma samþykkt (3 á Teams).

7. *Hlé 18:30-18:40*

Intermission

8. Skýrsla starfshóps Stúdentaráðs vegna alþingiskosninga 2021 (Kynning og umræður)
18:40-18:55

Report of the Student Council's workgroup in regards to the parliamentary elections 2021

- a.** Sara Þöll, varaforseti SHÍ segir frá skýrslunni. Í starfshópnum sátu Isabel, Sara Þöll, Vífill, Kjartan, Rannveig Klara og Guðrún Fríða. Sett sérstök lendingasíða inn á student.is. Framleidd myndbönd og annað markaðsefni í samstarfi við Aton JL. Sara fer yfir vinnulag í nefndinni og hvernig henni gekk að starfa. Samstarf við nemendafélagið Politica, nemendafélag stjórn málafræðinnar, var töluvert og gengu viðburðir vel. Samstarfið með Politica gekk afar vel. Skrifstofan var meira í skrifum, fréttatilkynningu, yfirlýsingum o.s.frv. Stúdentaráðsliðarnir sem sátu í hópnum voru meira í framkvæmd viðburða en komu þó auðvitað að málefnavinnunni og áherslunum.

Kristján Guðmundsson vikur af fundi kl. 18:51.

9. Sjúkra- og endurtökupróf við Háskóla Íslands (Kynning og umræður) *18:30-18:45*

Re-examinations at the University of Iceland

- a.** Forseti, hagsmunafulltrúi og tillöguberar fara yfir stöðu málsins. Hvað gerðist eftir að tillagan var samþykkt á síðasta Stúdentaráðsfundi: tillöguberar, fulltrúar stúdenta í háskólaráði og settu fram næstu skref sem voru reifuð á fundinum af hagsmunafulltrúa og forseta SHÍ.

10. Ókyngreind salerni (Kynning og atkvæðagreiðsla) *18:45-19:00*

Gender neutral bathrooms

- a.** Forseti og hagsmunafulltrúi fara yfir stöðu málsins. Minnisblað er að finna í fundargögnum. Þá verður lagt til að Stúdentaráð kvitti undir opið bréf til stjórnvalda ásamt Q-félagi, Femínistafélagi og mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar.
- b.** Atkvæðagreiðsla fellur niður þar sem farið var aðra leið með bréfið, sem útskýrt er á fundinum á og í tölvupósti til Stúdentaráðsliða. Það hefur ekki verið hreyfing á

málinu síðan 2018 innan SHÍ en þó alltaf til umræðu og umfjöllunar innan t.d. Jafnréttisnefndar SHÍ. Bréfið var sent í prent fyrr í dag þar sem tímaramminn á prentinu breyttist. Enginn hreyfði mótbárum!

11. Önnur mál 19:15-19:25

Other issues

- a. Pakkaleikur: Öll sem komast á næsta SHÍ fund koma með eine lille julepakke (andvirði 500 kr) sem við munum setja í púkk og deila á milli svo öll fá eine lille julepakke. Varafulltrúum sérstaklega boðið að koma og sitja fundinn! Fundarritari peppar þetta.

12. Fundi slitið 19:25

Meeting ends

13. Bókfærð mál

Recorded issues

- a. Fyrir ráðið verða lögð bókfærð mál - sjá fundargögn eða tengla hér. Samkvæmt d-lið 11. gr.:
Í fundarboði og fundardagskrá skal tilgreina ef “bókfærð mál” eru til afgreiðslu fyrir ráðið. Til bókfærðra mála heyra ýmis mál sem þarfnast ekki sérstakrar umræðu en Stúdentaráð þarf að samþykkja, til dæmis úrsögn úr Stúdentaráði eða nefndum og tilnefning nýs fulltrúa, afgreiðslur tilnefninga fulltrá stúdenta í ólaunaðar nefndarstöður eða fundarsetur ef engin mótframboð berast o.s.v.frv. Er það gert til að auka skilvirkni og ráðrúm fyrir umræður um önnur víðameiri mál. Óski fulltrúar í Stúdentaráði að gera athugasemdir eða ræða einstök bókfærð mál skulu þeir gera grein fyrir því ekki síðar en áður en fundur hefst skv. boðuðum fundartíma, öðrum kosti skoðast þau samþykkt.
- b. Nýr fulltrúi í sviðsráði Menntavísindasviðs
 - i. Úr sviðsráð Menntavísindasviðs segir sig fulltrúi Röskvu, Melkorka Sjöfn. Í hennar stað tilnefnir Röskva Davíð Sól Pálsson.